

Nr. 21/1899: Halldór prófastur Bjarnarson
 gegn
 Birni Bjarnarsyni.

D ó m u r :

Mál þetta er í héraði höfðað af áfrýjandanum Halldóri prófasti Bjarnarsyni á Presthólum gegn stefnda Birni Bjarnarsyni á Arnarstöðum út af meiðyrðum um hann í yfirlýsingu nokkurri eða vottorði, er stefndi og nokkrir menn aðrir hafa ritað nafn sitt undir og prentað er aftan við grein nokkra, er nefnist: »Svar til herra biskups Hallgríms Sveinssonar«, prentuð er í prentsmiðju Þorsteins J. G. Skaftasonar 1897 og undirskrifuð af Einari Einarssyni. Var málið dæmt svo í aukarétti Þingeyjarsýslu 25. nóvember f. á. eftir 119. gr. hegningarlaga, að stefndi skyldi greiða sekt til landssjóðs, 25 krónur, eða til vara sæta einföldu fangelsi í 7 daga; auk þess skyldi hann greiða stefnda í málskostnað 20 krónur og hin áttöldu meiðyrði skyldu vera dauð og marklaus. Er í dómnum kveðið svo á, að honum skuli fullnægja undir aðför innan 14 daga.

Áfrýjandinn hefir krafist þess hér fyrir réttinum, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi feldur og honum breytt þannig, að ákvæði dómsins um sekt verði þyngd eftir því, sem lög frekast leyfa, og stefndi verði dæmdur í málskostnað að skadlausu, að terminus executionis verði leiðréttur, og að héraðsdómarinn verði sektaður hæfilega

fyrir dóm sinn og málsmeðferð. Hefir áfrýjandinn talið það dómaranum til áfellis, að hinn átaldi tilverknaður er heimfærður undir 119. gr. hegningarlaganna, að fullnustugjörðarfresturinn er settur 14 daga og að oflangur dráttur hafi orðið á uppkvaðning dómsins og afskrift dómsgjörðanna. Aftur á móti hefir stefndi krafist þess, að hann verði alsýknaður af kröfum áfrýjanda og kærum, eða til vara, að hann verði dæmdur í laganna lægsta sekt, og að málskostnaður fyrir báðum réttum verði látinn greiðast af sækjanda eða almannafé. Svo hefir og málsfærslumaður stefnda hér í réttinum krafist þess, að héraðsdómarinn verði sýknaður af kærum og kröfum áfrýjanda í þessu máli.

Þau orð, sem átalín eru í umgetnu vottorði eða yfirlýsingu, eru þessi: »Að vér álitum frammistöðu Halldórs prófasts Bjarnarsonar á Presthólum í kirkju sinni mjög ófullkomna og óprestslega í alla staði, til dæmis hafa oss fundist ræður hans óviðunandi lélegar og ofan á þetta hefir bætst, að framburðurinn bæði á prédikunarstól og fyrir altarinu (því prófasturinn tónar ekki) er sundurslitinn og mjög óaheyrrilegur og svo lágur, að varla heyrir um alla kirkjuna. Enda var svo, að á meðan við létum svo lítið að koma í kirkju til að hlýða á ræður hans, ef ræður skyldi kalla, að það var oss meir til leiðinda og skapraunar en ánægju og uppbyggingar. Af þessu og öðru fleiru leiðir, að nú er svo komið og hefir verið síðastliðið ár, að enginn af oss sóknarmönnum, að undanskildum

fáeinum mannhæðum, hafa viljað koma í kirkju til að hlusta á lestur hans orða eða þiggja neina prestspjónustu af honum«. »Til sóknarnefndar hefir eigi verið kosið í síðastliðin 2 ár, og enginn safnaðarfundur verið haldinn jafnlengi«, »þá er ekkert við hana (kirkjuna) gjört, jafnvel þó hún eigi mikið fé«, »að oss hefir reynst hann vera bæði ágjarn, óskilvís, þrætugjarn, ósanngjarn, og svo óheill, að vér viljum ekkert við hann eiga. Og til frekari skýringar um breytni prófastsins skulum við geta þess, að fyrir rúmlega tveim árum hefir hann verið kærður fyrir gripdeildir, ef ekki þjófnað, og eftir því, sem oss er frekast kunnugt um það mál, þá er það fullkomin sannfæring vor, að hann sé sannur að sök«. »Eftir þessu, sem að framan er sagt, og jafnvel fleiru, getum vér ekki dulist þess, að vér álitum það vera ósamboðið öllu kristilegu trúarlífi, og jafnvel hneykslanlegt, að líða slíkan mann í prestslegri stöðu, sem Halldór prófast Bjarnarson og vildum vér því fegnir mega losast við hann sem allra fyrst«.

Að því er áhrærir ummæli hinnar umgetnu yfirlýsingar um prestslega framkomu áfrýjanda, heldur stefndi því fram, að þau séu eigi ærumeiðandi, heldur sé þar að eins umsögn vottorðsgefendanna eftir þeirra eigin tilfinningu um áhrif þau, er hin prestslega framkoma sækjandans hafi haft á þá. Hin önnur af átöldum ummælum hefir stefndi leitast við að sanna, sumpart með fram-

lögðum og staðfestum vottorðum, sumpart með tilvitnun til þriggja yfirréttardóma.

Ummælin um prestslega framkomu áfrýjanda verða að teljast svo niðrandi, að hefði sannast, að þau væru á rökum byggð, hlyti það að rýra mannorð áfrýjanda, að sitja samtsem áður í prestslegu embætti; en stefndi hefir eigi sannað, að svo niðrandi ummæli um prestskap áfrýjanda væru á rökum byggð. Að því er snertir hin önnur átaldra ummæla, þá verður því að vísu ekki neitað, að áfrýjandi við einstök tækifæri virðist hafa sýnt nokkru meiri fégirnd og nokkru meiri tregðu við að borga réttmætar skuldir en góðu bófi gegnir, en það virðist þó ekki heimila stefnda að lýsa áfrýjanda ágjarnan og óskilvísan. Orðin: »Til sóknarnefndar — haldinn jafnlengi« og »þá er ekkert — mikið fé« geta eigi talist meidandi fyrir áfrýjanda. Að öðru leyti verða hin átöldu ummæli að teljast fela í sér sumpart ástæðulausa aðdróttun um að hann hafi framið verk, sem mundu gjöra hann óverðugan virðingar samþegna hans, svo og annan ástæðulausan áburð, er hlýtur að skerða virðingu hans, og virðist því verða að dæma stefnda samkvæmt 217. og 219. gr. hegningarlaganna í sekt, er virðist hæfilega metin 50 krónur, og komi í hennar stað 15 daga einfalt fangelsi, ef sektin eigi verður greidd innan tiltekins tíma. Í málskostnað fyrir undirrétti greiði stefndi áfrýjanda 20 krónur, eins og héraðsdómurinn ákveður, og 10 krónur í málskostnað fyrir yfirrétti. Hin átöldu ummæli um áfrýjanda verða að

dæmast dauð og ómerk. Það þykir ekki ástæða til að taka til greina kröfu áfrýjanda um, að undirdómarinn sæti sektum fyrir meðferð máls þessa. Að vísu hefir uppkvaðning dómsins í héraði dregist nokkuð lengi, en þann drátt virðist dómarinn hafa réttlætt.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Björn Bjarnarson á að greiða 50 króna sekt til landssjóðs, en greiði hann ekki alla sektina innan ákveðins tíma, á hann að sæta einföldu fangelsi í 15 daga. Hin framangreindu orð og ummæli í umræddri yfirlýsing, er prentuð er aftan við greinina: »Svar til herra biskups Hallgríms Sveinssonar«, að undanskildum orðunum: »Til sóknarnefndar — haldinn jafnlengi« og »þá er ekkert — mikið fé« eiga að vera dauð og ómerk. Stefndi greiði allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað með 30 krónum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna eftir lögbirting hans; sæti ella aðför að lögum.

Mánudaginn 20. nóvembermánaðar.

Nr. 54/1898:

Magnús S. Árnason

gegn

Águst Benediktssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði í héraði kaupmaður M. S.